
Minnisblað

Dagsetning: 13. apríl 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2001208/6.1.1

Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. apríl varðandi afléttingu takmarkana á samkomum vegna COVID-19 eftir 4. maí 2020

Til nánari útskýringa þá vill sóttvarnalæknir bæta við eftirfarandi atriðum við minnisblað sitt frá 11. apríl sl.

- Lagt er til að aðrar takmarkanir en þær sem tilgreindar eru í minnisblaðinu frá 11. apríl haldi gildi sínu, s.s. reglur um veitingastaði, krár og þrif.
- Lagt er til að öll heilbrigðisstarfsemi sem ekki felur í sér valkvæðar skurðaðgerðir eða aðrar ífarandi aðgerðir sbr. fyrirmæli landlæknis frá 23. mars 2020, verði heimil frá og með 4. maí, jafnvel þó hún feli í sér meiri nálægð en tvo metra.
- Lagt er til að reglur um íþróttastarfsemi sem fram koma í minnisblaðinu frá 11. apríl eigi við um skipulagt íþróttastarf utandyra. Eftir sem áður er lagt til að skipulagt íþróttastarf innandyra verði óheimilt þ.m.t. notkun á inniaðstöðu s.s. búningsklefum, sturtuklefum o.þ.h.
- Lagt er til að húsnæði og aðstaða sundlauga og líkamsræktarstöðva skuli áfram vera lokuð.
- Lagt er til að skipulagt íþróttastarf innandyra barna á leik- og grunnskólaaldri verði heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:
 - Ekki fleiri en 50 einstaklingar verði saman í hóp.
 - Halda skal tveggja metra fjarlægð eftir því sem það er unnt, einkum hjá eldri börnum.
- Annað skipulagt íþróttastarf er heimilt utandyra með eftirfarandi takmörkunum:
 - Ekki fleiri en fjórir einstaklingar æfi eða leiki saman.
 - Snertingar eru óheimilar og halda skal tveimur metrum á milli einstaklinga.
 - Notkun á sameiginlegum búnaði skal haldið í lágmarki en annars verði að sótthreinsa hann á milli notkunar.

Með kveðju,

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir